

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur hlutafélagsins Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940, var haldinn í húsakynnum félagsins, að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, þann 9. maí 2018, og hófst kl. 15:30.

Stjórnarformaður félagsins setti fundinn og lagði til að Edda Guðrún Sverrisdóttir, yrði kjörin fundarstjóri. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri lagði til að hann yrði einnig fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Fundarstjóri lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við lög og samþykktir félagsins og að dagskrá og endanlegar tillögur, sem og þau gögn sem lögð voru fyrir fundinn, hefðu verið aðgengileg hluthöfum til skoðunar í húsakynnum félagsins í tvær vikur fyrir fundinn. Mætt var fyrir 100% hlutafjár í félaginu.

### Eftirfarandi hluthafar/fulltrúar hluthafa mættu á fundinn:

Ármann Þorvaldsson f.h. Kvikubanka hf.

Örn Þorsteinsson mætti f.h. Solo Invest ehf.

Fannar Jónsson mætti f.h. Markar Capital ehf.

Þórhallur Ásbjörnsson mætti f.h. Bergholts eigna ehf.

Davíð Stefánsson

Fulltrúar hluthafa lýstu því yfir að ekki væru gerðar athugasemdir við boðun fundarins, dagskrá hans eða þær tillögur sem fyrir fundinum lágu. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

### Einnig voru mætt:

Arna Grímsdóttir, stjórnarformaður  
Anna Rut Ágústsdóttir, meðstjórnandi  
Aglá Elísabet Hendriksdóttir, meðstjórnandi  
Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri félagsins  
Edda Guðrún Sverrisdóttir, ritari  
Guðmundur Örn Árnason, lögg. endurskoðandi f.h. Deloitte ehf.

### Eftirfarandi gögn voru lögð fram á fundinum:

- Ársreikningur fyrir árið 2017
- Starfskjarastefna félagsins
- Samantekt um hlutafjäreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2017 lagður fram til staðfestingar Samhliða afgreiðslu ársreiknings skyldi ákveðið hvornig fara skyldi með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

4. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðenda félagsins.
6. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Þá var gengið til dagskrár.

#### 1. liður dagskrár.

Stjórnarformaður félagsins vísaði til skýrslu stjórnar í ársreikningi félagsins um hag þess og rekstur á liðnu starfsári.

#### 2. liður dagskrár.

Framkvæmdastjóri bauð hluthöfum að farið yrði yfir ársreikning félagsins fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2017 áður en hann yrði lagður fram til staðfestingar. Hluthöfum var einnig gefinn kostur á að koma á framfæri spurningum til endurskoðanda félagsins.

Í kjölfar umræðna um ársreikninginn var hann, að tillögu stjórnar, lagður fram til samþykktar.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði færður yfir á óráðstafað eigið fé og í lögbundinn varasjóð. Vísað er til ársreikningsins varðandi nánari upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Í þessu felst að ekki verður greiddur út arður til hluthafa á árinu 2018.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

#### 3. Liður dagskrár

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, og var lagt til að hún yrði samþykkt. Um umfjöllun um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og laun framkvæmdastjóra og stjórnar var vísað til skýringa nr. 11 og 12 í ársreikningi félagsins.

Engar athugasemdir komu fram, og var tillagan samþykkt samhljóða.

#### 4. Liður dagskrár

Fundarstjóri gerði grein fyrir framboðum í stjórn og varastjórn félagsins:

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til stjórnarsetu í félaginu:

- Arna Grímsdóttir, kt. 010479-5259
- Anna Rut Ágústsdóttir, kt. 130284-2489

- Agla Elísabet Hendriksdóttir, kt. 300167-5869

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram í varastjórn félagsins:

- Magnús Már Leifsson, kt. 180990-2249
- Gunnar Örn Petersen, kt. 130380-4849

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrest, væru þær Arna Grímsdóttir, Anna Rut Ágústsdóttir og Agla Elísabet Hendriksdóttir réttkjörin í aðalstjórn félagsins og þeir Magnús Már Leifsson og Gunnar Örn Petersen réttkjörnir í varastjórn félagsins til næsta aðalfundar félagsins.

## 5. Liður dagskrár

Stjórn félagsins lagði til að Deloitte ehf. verði kosnir endurskoðendur félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 6. Liður dagskrár

Stjórn lagði til að þóknun stjórnar yrði óbreytt á næsta starfsári. Það væri því lagt til að til að þóknun stjórnarformanns á næsta starfsári yrði kr. 225.000 á mánuði fyrir stjórnarsetu, óháð fjölda funda, og að laun almennra stjórnarmanna yrði kr. 150.000 á mánuði. Stjórn lagði til að þóknun varamanna yrði kr. 100.000 fyrir hvern fund sem þeir sætu skv. beiðni frá félaginu vegna forfalla aðalmanna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Stjórn lagði til að endurskoðendum yrði greidd þóknun fyrir rekstrarárið samkvæmt útgefnum reikningi.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 7. Liður dagskrár

Fundarstjóri vísaði undir þessum dagskrárlið til þess að skv. hlutafélagalögum væri skylt að upplýsa á aðalfundi um breytingar á hlutafjáreign og samstæðutengsl. Vísaði fundarstjóri til skýrslu stjórnar í ársreikningi þar sem finna má samantekt um hlutafjár eign í félaginu og samstæðutengsl þess í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

## 8. Liður dagskrár

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

**FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT**

Fundargerðin var lesin upp í lok fundar.

Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerist ekki og var fundi slitið kl. 15:44.


Reykjavík, 9. maí 2018

Þannig staðfest af hluthöfum:

F.h. Kviku banka hf.





F.h. Solo Invest ehf.




F.h. Markar Capital ehf.



F.h. Bergholts eigna ehf.



Davíð Stefánsson, hluthafi



Edda Guðfrún Sveinisdóttir  
Fundarstjóri og fundarritari